Óháð fréttablað á Vestfjörðum

BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 400 m/vsk

5 694110 023513

Fimmtudagur
3. júní 2010
22. tbl. · 27. árg.

„Dýrka hinn stórbrotna einfaldleika á Vestfjörðum“

„Í meðferðinni hófst ganga mín til lífsins að nýju og ég vil meina að þegar ég kom út aftur var ég 26 ára maður með andlegan þroska 16 ára unglings,“ segir Þorsteinn Haukur Þorsteinsson í miðopnu þar sem hann segir á opinskáan hátt frá drykkju sinni og leið hans til betra lífs.

Hættir sem bóksali eftir þrjá áratugi

Jónas Gunnlaugsson, verslunarstjóri Eymundsson á Ísafirði, lét um mánaðamótin af störfum eftir þriggja áratuga starf sem bóksali. „Það var löngu kominn tími á mig að hætta," segir Jónas glaðlega þegar blaðamaður spyr hann um ástæðuna að baki. „Ég hef eiginlega aldrei gert neitt annað. Ég vann hér í skólafríum hjá pabba sem strákur og eftir að ég lauk skólagöngu vorið 1980 hóf ég fullt starf og hef verið hér síðan." Jónas segist vera fullur tilhlökkunar að takast á við ný verkefni.

Fyrst um sinn mun hann starfa sem landvörður á Hornströndum eins og undanfarin sumur en að því loknu tekur óvissan við. „Ég verð að vinna við það í fimm vikur og að því loknu tek ég mér sumarfrí og fer svo að leita mér að vinnu með haustinu."

Jónas er þriðji ættliður sömu fjölskyldu sem hefur rekið Bókhlöðuna á Ísafirði. Gunnlaugur Jónasson tók við af Jónasi Tómassyni föður sínum í ársbyrjun 1953 og rak hana til ársloka 1993, en þá tóku Jónas og kona hans Kristín Ólafsdóttir við rekstrinum. Penninn-Eymundsson tók síðan við rekstrinum árið 2006.

Jóhann Friðgeir Jóhannsson og Jónas Gunnlaugsson fyrir framan Pennan-Eymundsson á Ísafirði.

Við starfi Jónasar tekur Ísfirðingurinn Jóhann Friðgeir Jóhannsson, sem ásamt fjölskyldu sinni flytur búferlum aftur til heimabæjarins eftir nokkurra ára fjarveru. „Ég held að það sé fínt fyrir búðina að fá inn nýtt blóð til að poppa þetta svolítið upp. Er ekki sagt að það sé nauðsynlegt að breyta til endrum og eins til að fríska upp á tilveruna?" segir Jónas.

Meirihluti sjálfstæðismanna í Bolungarvík

Sjálfstæðisflokkurinn náði hreinum meirihluta í Bolungarvík þar sem hann fékk 56,5% greiddra atkvæða og fjóra menn kjörna í bæjarstjórn. Bæjarmálafélagið fékk 187 atkvæði eða 36,7% atkvæða og þrjá menn. Auðir seðlar og ógildir voru 35 eða 6,7%. Á kjörskrá í Bolungarvík voru 625 og mættu 515 á kjörstað eða 82,4% þeirra sem atkvæðisrétt höfðu.

Bæjarfulltrúar í Bolungarvík eru því Elías Jónatansson, Anna Guðrún Edvardsdóttir, María Elísabet Jakobsdóttir og Baldur Smári Einarsson af D-lista og Ketill Elíasson, Jóhann Hannibalsson og Ylfa Mist Helgadóttir af K-lista.

Elías Jónatansson, oddviti D-lista, lista sjálfstæðismanna og óháðra í Bolungarvík, segir úrslit kosninganna mjög ánægjuleg. „Þetta er mjög afgerandi stuðningur við það sem höfum verið að gera og ætlum okkur að gera. Ég held við getum sagt að fólkið hafi staðið með okkur í erfiðum verkefnum á síðasta kjörtímabili og veitt okkur brautargengi til að halda því áfram á því næsta."

Hann bætir við að hann vilji þakka öllum þeim sem studdu framboðið í þessum kosningum. Sjálfstæðisflokkurinn og óháðir náðu hreinum meirihluta í Bolungarvík og fengu fjóra menn kjörna í bæjarstjórn. Aðspurður segir Elías að úrslitin hafi ekki komið sér á óvart. „Við höfum fundið mjög góðan meðbyr í kosningabaráttunni. Við fundum að fólk studdi okkur og teljum að það hafi viljað að við héldum áfram á þessari braut."

Jóhann Hannibalsson, annar maður á K-lista Bæjarmálafélagsins, segist sáttur við að framboðið héldi sínu fylgi og bæjarfulltrúum en það fékk 36,7% atkvæða og þrjá menn inn. „Þó svo að þetta er ekki það sem við stefndum að, þá var mjög raunsætt að ætla að þetta myndi fara svona."

L-listi heldur meirihlutanum í Súðavík

L-listinn fékk fjóra fulltrúa í sveitarstjórnarkosningunum í Súðavíkurhreppi en F-listinn einn fulltrúa. L-listinn fékk fjóra menn kjörna en fyrir fimmta manninn var varpað hlutkesti því jöfn atkvæði voru bakvið fimmta manninn. 142 voru á kjörskrá og greiddu 111 atkvæði. Í síðustu sveitarstjórnarkosningum var óbundin kosning í Súðavík. Í sveitarstjórn Súðavíkurhrepps eiga því sæti þau Valgeir Hauksson, Ester Rut Unnsteinsdóttir, Ómar Már Jónsson og Barði Ingibjartsson af L-lista og Gísli H. Hermannsson af F-lista.

„Þetta leggst vel í okkur. Þetta er alveg ljómandi og við erum mjög sátt," segir Valgeir Hauksson, efsti maður á lista L- listans í Súðavíkurhreppi en listinn fékk 83,3% fylgi og fjóra fulltrúa kjörna í sveitarstjórnarkosningunum. „Þetta túlkar bara þá velgengi í því sem við höfum verið að gera," segir Valgeir.

Varpa þurfti hlutkesti í kosningunum en jöfn atkvæði voru á bak við fimmta mann á L-lista og fyrsta mann á F-lista og fór svo að F-listi fékk einn fulltrúa sveitarstjórn, Gísla H. Hermannsson. Ekki náðist í hann við vinnslu þessarar fréttar.

– kristjan@bb.is

Súðavík. Ljósm: © Mats Wibe Lund.

Frá talningu atkvæða í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði. Fremst er Hildur Halldórsdóttir sem á sæti í yfirkjörstjórn.

Meirihlutinn hélt í Ísafjarðarbæ

Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur halda meirihluta sínum í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar. Sjálfstæðisflokkurinn fékk 891 atkvæði eða 42,2% greiddra atkvæða og fjóra menn kjörna og Framsóknarflokkurinn fékk 301 atkvæði eða 14,3% og einn mann kjörinn. Í-listi Samfylkingarinnar, Vinstri grænna, Frjálslyndra og óháðra fékk 840 atkvæði eða 39,8% og fjóra menn kjörna og Kammónistalistinn 80 atkvæði eða 3,8% og engan mann kjörinn. Á kjörskrá í Ísafjarðarbæ voru 2.738 einstaklingar. Kjörsókn var 80,7%.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar næstu fjögur árin er því skipuð þeim Albertínu Friðbjörgu Elíasdóttur af B-lista, Eiríki Finni Greipssyni, Gísla Halldóri Halldórssyni, Guðfinnu M. Hreiðarsdóttur og Kristínu Hálfdánsdóttur af D-lista og Sigurði Pétursyni, Örnu Láru Jónsdóttur, Kristjáni Andra Guðjónssyni og Jónu Benediktsdóttur af Í-lista. Næsti maður inn í bæjarstjórn var Margrét Halldórsdóttir af D-lista, en hana vantaði 160 atkvæði til að fella Jónu Benediktsdóttur af Í-lista.

„Stuðningsyfirlýsing við núverandi meirihluta“

„Þetta er eins og draumur í dós,“ segir Eiríkur Finnur Greipsson oddviti Sjálfstæðisflokksins í Ísafjarðarbæ um úrslit sveitarstjórnarkosninganna en flokkurinn fékk 42,2% fylgi og fjóra fulltrúa kjörna í bæjarstjórn.

„Ég túlka þetta bara þannig að núverandi meirihluti hafi fengið stuðningsyfirlýsingu um það að hann eigi að halda áfram og trúi því og treysti að það gerist,“ segir Eiríkur. Aðspurður hvort Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur muni halda áfram samstarfi sínu í bæjarstjórn segir Eiríkur ekki geta fullyrt það. „Við ætlum að hittast í dag. Það eru allavega fyrstu viðbrögð og við ætlum að hittast og fara yfir stöðuna,“ segir Eiríkur Finnur Greipsson, oddviti og bæjarstjóraefni Sjálfstæðisflokks í Ísafjarðarbæ við blaðið á sunnudag.

„Vissum að allt gat brugðið til beggja vona“

„Í-listinn náði ekki markmiði sínu að verða stærri en Sjálfstæðisflokkurinn og fella meirihlutann en hins vegar er spurningin sú hvort Framsóknarflokkurinn ætli að halda áfram í samstarfi við Sjálfstæðisflokkinn, í því kæfandi faðmlagi sem það hefur reynst Framsóknarflokknum t.d. í Reykjavík og Kópavogi,“ segir Sigurður Pétursson, oddviti Í-listans í Ísafjarðarbæ.

Aðspurður segir Sigurður að engar formlegar viðræður hafi farið fram um samstarf við Framsóknarflokkinn en Í-listinn hafi haft samband við oddvita Framsóknarflokksins, Albertínu Elíasdóttur, og óskað eftir viðræðum.

Albertína Elíasdóttir.

Eiríkur Finnur Greipsson.

Sigurður Pétursson.

Sameinað framboð Samfylkingarinnar, Vinstri grænna og Frjálslyndra og óháðra fékk 39,8% atkvæða og fjóra menn kjörna.

„Við höldum okkar fylgi þrátt fyrir að nýtt framboð komi fram og höldum okkar fjórum bæjarfulltrúum og fengum stuðning við okkar starf á kjörtímabilinu síðustu fjögur árin og erum þakklát fyrir það.“

Skoðanakannanir fyrir kosningar í ár og fyrir fjórum árum bentu til að Í-listinn fengi hreinan meirihluta í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar í yfirvofandi sveitarstjórnarkosningum. Aðspurður hvort það séu ekki vonbrigði að það gangi ekki eftir tvisvar í röð segir Sigurður:

„Það voru vonbrigði síðast en núna vorum við miklu betur búin og þekktum að það getur allt brugðið til beggja vona.“ Aðspurður hvernig nýja kjörtímabilið leggist í Í-listann segir Sigurður erfitt að segja til um það á meðan ekki er búið að mynda meirihluta bæjarstjórnar. „Það er gott fólk sem skipar bæjarstjórnina og bæjarstjórn þarf auðvitað að starfa saman því það eru erfið verkefni framundan.“

„Getum ekki annað en verið sátt“

„Þetta leggst vel í mig. Þetta eru smá vonbrigði því við fundum fyrir mjög miklum meðbyr síðustu dagana og maður átti von á því að það myndi skila sér betur upp úr kjörkössunum en við getum auðvitað ekki verið að annað en sátt,“ segir Albertína Elíasdóttir oddviti framsóknarmanna í Ísafjarðarbæ um úrslit sveitarstjórnakosninganna er fram fóru í gær. Framsóknarflokkurinn fékk 14,3 % atkvæða og einn fulltrúa í bæjarstjórn.

„Við erum að halda okkar, og þetta er mjög líkt og síðast, hjá okkur og hinum. Ég viðurkenni þó alveg að ég átti von á því að sjá meiri breytingar. Við erum samt mjög sátt og þökkum vel fyrir góðan stuðning. Þetta var frábær tími og við hittum mikið af skemmtilegu og flottu fólki í kosningabaráttunni,“ segir Albertína. Um áframhaldandi samstarf Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks í Ísafjarðarbæ segir Albertína að það eigi eftir að ræða það. „Þeir eru bæði að fá góða kosningu og samstarfið hefur gengið gríðarlega vel þannig að það væri óeðlilegt ef við myndum ekki tala við þá fyrst.“

Aðspurð um hvort einhverjar þreifingar séu á milli Í-lista og Framsóknarflokks segir Albertína: „Ég er búinn að heyra í Sigurði Péturssyni og það er ennþá allt opið en við erum ekki búin að hittast almennilega. Það er ekki tímabært að gefa neitt út,“ við blaðið á sunnudag. Ekki náðist í fulltrúa Kammónistalistans við vinnslu þessarar fréttar.

– thelma@bb.is
– kristjan@bb.is

Hefur sterkar skoðanir

Daði Már Guðmundarson er nýkjörinn formaður Nemendafélags Menntaskólans á Ísafirði. Hann er fæddur í Reykjavík en á ættir að rekja til Ísafjarðar, þar sem hann býr nú. Foreldrar hans eru Bjarney Ingibjörg Gunnlaugsdóttir og Guðmundur J. Stefánsson. Bæjarins besta spurðist fyrir um hvernig það væri að vera kominn í forystu fyrir samnemendur sína og hvaða málefni brenna á vörum hans.

– Hvernig kom það til að þú bauðst þig fram til embættis formanns Nemendafélags MÍ?

„Mér fannst þurfa breytingar á skipulaginu hjá félaginu og hef nokkrar hugmyndir um þessar breytingar þannig ég ákvað að bjóða mig fram. Ég fékk ekkert mótframboð þannig ég var eiginlega sjálfkjörinn. Ég fékk um 75% atkvæða en það voru nokkrir sem voru að spara blekið í pennunum sínum og héldu að ekki þyrfti að merkja við mig."

– Þú hefur bæði stundað nám við Menntaskólann í Hamrahlíð og Menntaskólann á Ísafirði. Þú hefur til að mynda skipt tvisvar sinnum á milli, hver er munurinn?

„MH er auðvitað miklu stærri skóli og fjölbreyttari, þar eru allar týpur af fólki. Munurinn á Nemendafélaginu er kannski sá að það eru álíka margir í nemendaráði þar og eru í Nemendafélaginu hér. Þar er svo mikið af fólki sem sér um alla viðburðina og svo miklu meira fjármagn milli handanna, miklu meira í gangi og alls kyns listagróska."

– Nú samanstendur nýtt nemendaráð eingöngu af strákum. Hvað finnst þér um það?

„Þetta verður bara skemmtilegt og ég hlakka mikið til að vinna með þessum strákum. Ég held að það þurfi ekkert endilega að vera stelpur bara til þess að það séu stelpur, en það sem ég ætla að reyna að gera er að stækka Nemendafélagið, skipa ráð og félög. Ég vil fá einstaklinga inn í Málfundafélagið sem sér um Gettu betur og Morfís. Þá vil ég hafa vefnefnd og stjórn Leikfélagsins og hvort sem það verður kosið í þessi embætti eða skipað í þau verður það í höndum nemenda og þá eru stelpur auðvitað hjartanlega velkomnar."

– Finnst þér hafa verið slappt félagslíf í skólanum að undanförnu?

„Ekki beinlínis slappt, en eftir að ég hef verið fyrir sunnan og séð hvernig hlutirnir eru gerðir þar, þá sé ég svo margt sem má bæta. Miðað við kannski fyrri ár, þá er félagslífið bara mjög gott, en miðað við það sem ég hef séð í öðrum skólum er hér margt sem má fara betur, eins og t.d. að minnka álagið á stjórnarmönnum. Það er allt of mikið álag að sjö manneskjur sjái um allt, miðað við að það eru hlutfallslega miklu fleiri sem vinna þessi verk í öðrum skólum, margar hendur vinna létt verk og það er svona það helsta sem ég vil gera svo þetta sé skilvirkara og spari peninga."

– Verður einhver kreppufílingur í þessu?

„Nei nei, mér finnst allt svona krepputal ótrúlega leiðinlegt, ég nenni voða lítið að pæla í því. Kreppufílingur segirðu, jú ég meina, það er allt miklu dýrara en við reynum bara að gera það besta úr því sem við höfum. Ef það er eitthvað sem nemendur geta gert í stað þess að eyða pening í það, þá munum við að sjálfsögðu gera það."

– Hvað brennur mest á þér sem ekki tengist félagslífinu?

„Ég vil að nemendaráð fái fund með bæjaryfirvöldum þar sem við getum borið saman bækur okkar. Mig langar að kynna fyrir þeim áhyggjur mínar varðandi strætókerfið. Mér finnst alveg óásættanlegt að grunnskólanemendur fái frítt í strætó einu sinni á morgnana og einu sinni á daginn en nemendur Menntaskólans þurfi að borga 280 krónur fyrir ferðina. Ég meina, hver er með 280 krónur á sér?"

Daði Már gerir hlé á viðtali og leitar eftir peningum í vösum sínum, upplýsir síðan að hann hafi eingöngu 220 krónur í vasanum og kæmist því ekki í strætó ef svo lægi á.

„Þetta er svo fáránlegt. Það tekur enginn strætó í Menntaskólanum, það er alveg á hreinu. Það eru allir á bíl. Segjum sem svo að við myndum lækka verðið í 100 krónur, þá myndu fleiri taka strætó og þá væri minna tap á þessum strætórekstri, af því að strætó skilar aldrei hagnaði. Þar af leiðandi færu væntanlega færri á bíl í skólann."

– En tölvumálin? Menntaskólinn á Ísafirði tók upp á því fyrir nokkrum árum að skylda nemendur til þess að vera með tölvur í tímum og fóru að leigja út tölvur til nemenda. Hvað finnst þér um það?

„Já, mér finnst hafa verið illa staðið að þeim í vetur. Skólinn gerir þá kröfu að nemendur séu með tölvur og býður upp á tölvuþjónustu en er svo ekki með neina þjónustu. Svo ég segi það hreint út, þá er þessi þjónusta ekki neitt neitt. Það er einstaklingur sem vinnur við að sjá um tölvukerfið og tölvurnar í skólanum og hann

er í 30% vinnu. Það er alveg óásættanlegt að skólayfirvöld geti ekki séð fyrir því að einhver aðili sé við oftar en nokkrum sinnum í viku í smátíma. Ef tölvan þín bilar, þá geturðu einfaldlega gert mjög lítið í skólanum, eiginlega ekki neitt, af því að það fer allt í gegnum tölvur."

– Finnst þér að öll kennsla eigi að fara fram í gegnum tölvur?

„Nei, ekkert endilega. Ég er ekkert endilega sammála því, mér finnst fínt að fá bara blað og skrifa með blýant. En það er voða þægilegt að vera með þetta í tölvum og örugglega flestir sammála mér í því. En ef það á að gera þessa kröfu um að nemendur séu með tölvur í skólanum og noti þær í skólanum og bjóða nemendum upp á að leigja tölvur, þá verður það bara að vera gert almennilega. Annars er alveg eins hægt að sleppa því."

– Vilt þú fá fleiri í nemendaráð?

„Já, því að það er alls konar hugmyndir og það þarf líka að efla nemendur í að láta í sér heyra. Nemendaráð er ekki einhver fimm manna kóngafjölskylda sem ræður öllu. Nemendafélagið er auðvitað félag nemendanna og ef nemendur eru ósáttir með eitthvað, þá eiga þeir auðvitað að láta heyra í sér."

– Og hvað verður meðal ykkar fyrstu verka?

„Það verður örugglega að reyna fá óvissuferðina í gegn að nýju."

– Hún hefur nú vakið athygli í gegnum tíðina, er það ekki?

„Jú, ég hef nú aldrei farið í þessar frægu ferðir þannig að ég veit voða lítið hvað er í gangi, en það sem mér skilst er að það hafi verið mikil drykkja og þess vegna hafi verið tekið fyrir þetta. Maður vill að sjálfsögðu ekki vera að ýta undir drykkju unglinga, en þetta hefur verið þekkt fyrirbæri, þessi ferð, og ef hún er á vegum skólans þá held ég að það fyrirkomulag ætti að vera að foreldrar sem eiga börn undir 18 ára þyrftu að skrifa undir leyfisbréf. Ég meina, ef þau vilja ekki að börnin sín taki þátt í svona ferð, þá skrifa þau bara ekki undir plaggið, svo einfalt. Ég vil að nemendur fari í þessa óvissuferð, hvort sem hún verður farin með hefðbundnu sniði eða einhverju nýju."

– Langar þig þá að aðskilja Nemendafélagið og skólann?

„Það er náttúrlega ekki hægt, en þarf líka bara að útfæra hlutina betur og þess vegna væri flott að fá fleira fólk til athafna í Nemendafélaginu og vera pottþétt, þannig að það verði lítið sem geti farið úrskeiðis og þar af leiðandi geti skólastjórnendur ekki sagt nei. Að því leytinu til vil ég það já. Það eru einungis félagsmenn sem hafa atkvæðisrétt og líka löggjafarvaldið, þannig að félagið getur samþykkt og fellt allar þær lagabreytingartillögur sem koma fyrir á fundum, en tæknilega getum við sett hvaða reglur sem er, sem ekki stangast á við landslög."

– Hvað finnst þér um þær gagnrýnisraddir að það sé mikið um unglingadrykkju á skemmtunum skólans? Nú er það nýjasta að láta nemendur blása í áfengismæli við inngang. Hvað finnst þér um það?

„Mér finnst það óþarfi að láta fólk blása við innganginn, það var eytt einhverjum himinháum upphæðum í þennan mæli og ég hef prófað þennan mæli. Hann er mjög óáreiðanlegur í fyrsta lagi og margir sammála mér í því. Í öðru lagi stendur í reglunum að það eigi ekki að nota þennan mæli nema einstaklingur sé með dólgslæti, þá er ástæða fyrir því að þeir geti mælt hann. Mér finnst ekki skipta máli hvort einstaklingur er ölvaður eða ekki, ef hann er með dólgslæti, þá er honum bara hent út, ekkert flókið. Ég er auðvitað ekki að hvetja til áfengisneyslu en staðreyndin er sú að unglingadrykkja hefur tíðkast á Íslandi í mörg ár. Það sem mér finnst þurfa er opnari umræða á heimilum um áfengisneyslu, ekki setja bara einhver boð og bönn því þá gerirðu áfengið spennandi. Það er ekki hægt að ætlast til þess að ungir krakkar fari í Ríkið á 20 ára afmælisdaginn sinn, kaupi sér kippu af bjór og fari á sitt fyrsta fyllirí, það þarf að kynna þetta fyrir unglingunum á heimilinu og kenna þeim það að þau verða að taka ábyrgð á sér sjálf. Þú lætur ekki óreyndan sautján ára ungling hafa lykla að bíl á afmælisdaginn og segir: „Jæja, núna ertu orðinn 17, skemmtu þér á rúntinum." Síður en svo, krakkar þurfa að fara í skóla og læra að keyra hjá kennara. Sú kennsla hefst oftast ári áður en þau mega svo keyra eftirlitslaus. Og þess vegna er ég þannig séð ekki mótfallinn því að unglingar smakki áfengi, þ.e. ef krakkarnir hafa áhuga á víni. En fólk verður náttúrlega að kunna að haga sér og læra að taka ábyrgð á sínu lífi varðandi þetta."

– Snúum okkur nú að málefni sem snertir marga. Fáum við að sjá Gettu-betur-lið MÍ keppa í sjónvarpssal á næsta skólaári?

„Já, mig langar rosalega að sjá liðið komast lengri en nokkru sinn fyrr og komast í sjónvarpsumferð. Þetta fer auðvitað allt eftir því hvort það fæst mannskapur í þetta og hvernig verður æft, mig langar rosalega að fá einhverja góða þjálfara til að þjálfa liðið. En nemendur verða að standa á bak við liðið og mér finnst nemendur ekki hafa sýnt þessu mikinn áhuga á undanförnum árum."

– Að lokum, er stefnan sett í pólitíkina í framtíðinni?

„Já já kannski, ef ég nenni því og ef ég fæ ekki leiða á þessu núna."

– kristjan@bb.is

JÓHANNES HAUKUR ER

HELLISBÚINN

Á TÚR 5. - 19. JÚNÍ

★★★★

„Áhorfendur bókstaflega **veltust um af hlátri**... Óhætt er að mæla með Hellisbúanum við jafnt karla sem konur!“

- Spesi, Baggalútur.is

YFIR 20.000 GESTIR

MIÐASALA Á WWW.MIÐI.IS
OG SÍMA 540 9800

LAUGARDAGINN 12. JÚNÍ KL. 19:00

EDINBORGARHÚSIÐ
ÍSAFJÖRÐUR

AMERICAN STYLE

WWW.HELLISBÚINN.IS
Vertu í sambandi við Hellisbúann á Facebook!

THEATER MOGUL

bravó!

Hermóður ÍS 482.

Færðu Byggðasafninu Hermóð

Bræðurnir Gísli Jón og Sverrir Hermannssynir hafa ákveðið að gefa Byggðasafni Vestfjarða bátinn Hermóð ÍS 482. Báturinn var smíðaður af Fal Jakobssyni árið 1928. Bræðurnir vildu gera afnotasamning við safnið um að þeir fái samt sem áður að nýta sér bátinn til siglinga svo fremi að það stangist ekki á við nýtingu safnsins á bátnum.

Frá þessu var greint á fundi stjórnar Byggðasafnsins þar sem einnig kom fram að bræðurnir muni að auki leggja fram einhverja fjármuni til viðhalds á bænum. Stjórnin lýsti yfir ánægju sinni með fyrirkomulagið og þakkaði höfðinglega gjöf.

Geimfari heimsótti Vigur

Fyrsta skemmtiferðaskip sumarsins kom inn í Ísafjarðardjúp laugardaginn 22. maí. Skipið, National Geographic Explorer, fór það rakleiðis inn í Vigur og lagðist við ankeri við austanverða eyna. Veður var eins og best var á kosið, sól og blíða. Farþegar voru fluttir í land á bátum en alls komu í land um 120 manns, af um 140 sem um borð voru. Var fólkinu skipt niður í litla hópa og gengið aðeins um eyna en með takmörkunum þó, því þetta er mjög viðkvæmur tími, æðarvarpið í fullum gangi, en að sögn Vigurbænda virtist fólk hafa fullan skilning á því. Lundinn var í essinu sínu og var mikið flug á honum. Að lokinni stuttri gönguferð var farið í kaffi í Viktoríuhúsinu og snætt heimabakað bakkelsi hjá húsfreyjunni.

Meðal gesta að þessu sinni var ekki ómerkari maður en James Arthur Lovell, sem helst er þekktur fyrir að hafa verið við stjórnvölinn í Appollo 13 leiðangrinum til tunglsins, en vegna bilunar urðu þeir að snúa til baka og máttu teljast heppnir að ná aftur til jarðar. Honum til heiðurs var gígur á tunglinu nefndur eftir honum.

Á föstudag kom skipið svo aftur í Vigur. Á fjórða tug skemmtiferðaskipa hafa boðað komu sína í Ísafjarðardjúp á komandi sumri. Rétt er að taka fram að sum skip koma tvisvar yfir sumarið og önnur koma bara við í Vigur, en leggja ekki að við Ísafjarðarhöfn. Ísafjarðarhöfn er um þriðja stærsta höfn landsins er kemur að móttöku skemmtiferðaskipa og hafa aldrei fleiri boðað komu sína vestur á firði. Skipin sem koma næsta sumar eru mjög mismunandi að stærð, allt frá tæplega fjögur þúsund brúttótonnum og upp í ríflega 100 þúsund brúttótonn að stærð.

– thelma@bb.is

James Arthur Lovell. Ljósm: NASA.

National Geographic Explorer við eyjuna Vigur. Mynd: Björn Baldursson.

Spurningin

Ertu ánægð(ur) með kosningabaráttu framboðanna í Ísafjarðarbæ?

Alls svöruðu 260.
Já sögðu 74 eða 28%
Nei sögðu 186 eða 72%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag:
Austlæg átt, 3-10 m/s og víða bjartviðri. Hiti 10-18 stig, hlýjast til landsins.
Horfur á laugardag:
Hæg austlæg eða breytileg átt og væta öðru hvoru á sunnanverðu landinu, en annars þurrt að kalla. Fremur hlýtt.
Horfur á sunnudag:
Hæg austlæg eða breytileg átt og væta öðru hvoru á sunnanverðu landinu, en annars þurrt.

Ritstjórnargrein

Nú ber að horfa fram á veginn

Úrslit veitarstjórnarkosninganna á Akureyri og í Reykjavík verða langtíma viðfangsefni stjórnmálafræðinga. Niðursta þeirra verður aldrei skýrð með venjulegum pólitískum rökum. Að svostöddu verður aðeins sagt, að allt verður einu sinni fyrst. En, þrátt fyrir öll ósköpin sem yfir dundu tókst stjórnmálaforkólfunum, að venju, að sannfæra sig um að þrátt fyrir allt, og miðað við aðstæður, geti þeir og flokkurinn nokkuð vel við unað. Vonandi leiðir það til að sem flestir nái áttum á ný.

Vestfirðingar sigldu nokkuð lygnan sjó í kosningunum þegar horft er til úrslita. Ætla má að það bendi til sáttar og samlyndis um lausn þeirra mörgu og brýnu verkefna, sem bíða þeirra sem valdir voru til verka. Í þeim efnum hefur BB það helst til málanna að leggja við upphaf vegferðar að menn taki höndum saman um að leysa hnútinn.

Vestfirðingar verða að knýja á hjá ríkisvaldinu með úrlausn í orku- og samgöngumálum, svo dæmi séu tekin, en það ófremdar ástand sem í þessum málum ríkir stendur beinlínis í vegi fyrir eflingu byggðar í fjórðungnum. Ríkisvaldið verður að standa við gefin loforð. Framtíð Vestfjarða er í húfi.

Nú ber að horfa fram á veginn.

Sjómannadagurinn

„Allt er í heiminum hverfult“, sagði Jónas, eftir að hafa spurt hvar nú væri að finna hina sönnu fornaldar frægð, þegar svo væri komið að Snorrabúð væri aðeins stekkur og ekki bætti um þótt lyngið á Lögberginu helga héldi áfram að blána af berjum, aðeins „börnum og hröfnum að leik.“

Segja má um sjómannadaginn eins og Lögbergslyngið að hann er enn á sínum stað, og lifir í vitund þjóðarinnar, þótt við eigi orðalagið „að muna fífil sinn fegri.“

En hvað sem öllum hátíðahöldum sjómannadagsins líður er eitt sem ekki breytist, því „þótt tækjum sér breytt, / þá er eðlið samt eitt - / eins og ætlunarverkið, er sjómannsins beið.“ Þess vegna munu „Íslands Hrafnistumenn“ halda áfram að „flytja þjóðinni auð, / sækja barninu brauð, / færa björgin í grunn undir framtíðarhöll.“ *

Bæjarins besta sendir sjómönnum og fjölskyldum þeirra kveðjur á hátíðisdegi þeirra.

s.h.

Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620, Sólgötu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564. **Ritstjóri:** Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, *bb@bb.is.* **Blaðamenn:** Thelma Hjaltadóttir, símar 456 4693 og 849 8699, *thelma@bb.is,* Kristján Einarsson, símar 456 4560 og 848 3403, *kristjan@bb.is.* **Ritstjóri netútgáfu bb.is:** Sigurjón J. Sigurðsson. **Ljósmyndari**: Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, *halldor@bb.is*. **Ábyrgðarmenn:** Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson. Lausasöluverð er kr. 400 eintakið með vsk. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti. **Önnur útgáfa:** Ferðablaðið Á ferð um Vestfirði. **ISSN 1670 - 021X**

Hætta á að fjárheimildir verði skertar vegna rekstrarafgangs

Tekjuafgangur varð á rekstri Menntaskólans á Ísafirði á síðasta ári sem nam 31.7 milljónum króna. Skólinn er því skuldlaus við ríkissjóð og með afgang upp á 7,2 milljónir króna. Í rekstraráætlun fyrir 2010 er gert ráð fyrir að vikustundir á önn verði 100 færri en var á síðasta skólaári sem þýðir skerðingu um fjögur kennarastöðugildi. „Með þessari miklu skerðingu í kennslu ásamt öðrum aðhaldsaðgerðum mun takast að halda rekstri skólans innan fjárlagarammans á næsta ári. Ákvarðanir ráðuneytisins um aðgerðir vegna sparnaðar mun væntanlega liggja fyrir í næstu viku en áður hefur skólameisturum verið kynntar hugmyndir um 10% niðurskurð. Sú hætta er fyrir hendi að sá mikli árangur sem náðst hefur í rekstri skólans á síðasta ári og að afgangur af rekstri þessa árs muni verða til þess að fjárheimildir verði skertar en frekar," sagði í ræðu Jón Reynir Sigurvinsson, skólameistari við skólaslit MÍ.

Í vor hverfa frá skólanum níu starfsmenn: Catherine Mercy, sem kennt hefur frönsku í hálfu starfi frá haustönn 2007, Elfar Reynisson, sem kennt hefur tréiðngreinar og stærðfræði frá haustönn 2007, Guðjón Torfi Sigurðsson, sem starfað hefur sem upplýsingatæknistjóri og kennari í upplýsingatækni og stærðfræði frá haustönn 2008, Hallgrímur Hróðmarsson, sem kennt hefur stærðfræði og raungreinar, Sigríður Ragna Jóhannsdóttir og Sigrún Sigurðardóttir hjúkrunarfræðingar, sem kennt hafa sjúkraliðagreinar, Gunnar Páll Eydal jarðfræðingur og Hlynur Guðmundsson jarðverkfræðingur, sem kennt hafa náttúrufræði og Rúnar Arnarson, sem kennt hefur á starfsbraut í stað Emils Inga Emilssonar sem var í námsleyfi.

Ein staða framhaldsskólakennara í stærðfræði- og raungreinum og hálf staða í dönsku hefur verið auglýst. Frestur til að skila umsóknum rennur út á morgun. Þá hefur starf húsvarðar verið auglýst en Guðni Ásmundsson sem gengt hefur þeirri stöðu frá hausti 2006 mun láta af störfum 1. september.

Í auknum mæli hefur skólinn hafið samstarf við skóla og stofnanir með það markmið að stuðla að markvissri framþróun í starfsemi hans. Fræðslumiðstöð Vestfjarða og MÍ fengu haustið 2008 24 m.kr. styrk úr svokölluðum Mótvægissjóði til sjö samstarfsverkefna sem lauk nú um síðustu áramót. Skólinn er í samstarfi við Fræðslumiðstöð Vestfjarða um raunfærnimat i iðngreinum en skilyrði þess að hægt sé að fá slíkt mat eru að minnsta kosti 5 ára staðfestur vinnutími í greininni og að viðkomandi sé að minnsta kosti 25 ára.

Í byrjun febrúar 2010 hóf skólinn samstarf við Vinnumálastofnun Vestfjarða og Fræðslumiðstöð Vestfjarða til að finna námsúrræði fyrir ungt fólk sem ekki getur eða hefur ekki vilja til að nýta sér hefðbundið nám skólans og er án atvinnu. Vinnumálastofnun greiðir stóran hluta þess kostnaðar sem er vegna könnunar og launa Kristins H. Gunnarsonar sem ráðinn hefur verið sem verkefnisstjóri til sex mánaða frá 1. febrúar. Síðustu daga hafa nokkur ungmenni verið í kynningu og námi hjá námsráðgjöfum og verknámskennurum skólans.

Skólinn er í samvinnu við Byggðasafn Vestfjarða og Atvinnuþróunarsetur Vestfjarða um verkefnið Gullkistan sem er m.a. um horfin handverk og viðhald skipa. Verkefnið er fjölþætt, snýr að sögu, varðveislu og umhirðu báta á Vestfjörðum og síðar landinu öllu. Markmiðið er að tengja saman handverk og hugvit bátasmiða, sögu og þekkingarmiðlun menntaumhverfisins og hugmyndauðgi og ferðaþjónustu, þar sem báturinn spilar lykilhlutverk.

Í ræðu sinni benti Jón Reynir einnig á að skólinn mun í haust bjóða upp á valgreinina Björgunarmaður 1 á tveimur önnum á fyrsta ári og Björgunarmaður 2 og 3 á sitt hvorri önninni á öðru ári. Skólinn verður þá fyrstur framhaldsskóla á Íslandi til að útskrifa fullmenntaða björgunarsveitarmenn. Námið er skipulagt í samvinnu við Björgunarskóla Íslands og munu kennarar þaðan kenna bæði í fjarnámi og í staðbundnum lotum.

Þá hefur skólinn tekið þátt í verkefni um að koma á fisktækninámi sem Fjölbrautaskóli Suðurnesja hefur stýrt. Sjö aðrir framhaldsskólar hafa lýst vilja sínum til að bjóða slíkt nám og vera með fulltrúa í stýrihóp sem mun gera tillögu að útfærslu verkefnisins, fylgjast með framvindu þess og annast lokafrágang námsbrautalýsinga til Mennta- og menntamálaráðuneytis um Fisktækninám eins og segir í umsókn Fjölbrautaskóli Suðurnesja í verkefnasjóð skólasamninga sem lögð var inn í apríl.

Minningarmót um Jón Hjört

Minningarmót um Jón Hjört Jóhannsson (Kæa) verður haldið á golfvellinum í Tungudal laugardaginn 12 júní. Fyrir mótinu stendur golfklíkan *Fjórir flottir* en margir leggja hönd á plóg til að mótið fari sem best úr garði. „Þröstur Massa hefur gert listaverk sem verður veitt í verðlaun og ekkjan hans Kaja hefur verið að prjóna í marga mánuði þannig að enginn sem tekur þátt ætti að verða kalt á höndunum," segir Birgir Jónsson einn félaganna í Fjórum flottum.

Hann bætir við að boði verða kaffiveitingar að hætti Fjögurra flottra en flestir kylfingar sem stundað hafa Tungudalsvöll vita að þær eru ansi veglegar. Fjórir flottir hvetja sem flesta til að taka þátt í minningarmótinu og heiðra minningu Jóns Hjartar.

– thelma@bb.is

Verkmenntaskólinn á Akureyri

Nemendur í vélstjórn

Getum bætt við okkur nemendum í C- og D- réttindanám (3. og 4. stig) í vélstjórn.

Bjóðum upp á glæsilega heimavist.

Nánari upplýsingar á heimasíðu skólans, www.vma.is og hjá áfangastjórum í síma 464 0300. Einnig má senda fyrirspurn á netfangið vma@vma.is.

Skólameistari.

Tónlistin blómstraði fyrir vestan

Þorsteinn Haukur Þorsteinsson, eða einfaldlega Haukur eins og hann er betur þekktur vestur á fjörðum, er borinn og barnfæddur Reykvíkingur. Hann var lengi vel í Tollgæslunni og áberandi í forvarnastarfi fyrir unglinga sem hann þróaði sjálfur með aðstoð fíkniefnahundsins Bassa. Eftir að Haukur fluttist búferlum til Vestfjarða hefur honum vaxið ásmegin í tónlistinni en hann gaf út sinn fyrsta hljómdisk fyrir tveimur árum. Í sumar verður annríki hjá Hauki en hann er bókaður víða sem trúbadorinn Skundi litli. Einnig eru í smíðum tveir slökunardiskar, sem væntanlegir eru í nóvember, og eins nýr diskur sem Haukur er byrjaður að leggja drögin að ásamt unnustu sinni og félaga, Lilju Kjartansdóttur.

Lilja og Haukur.

Blaðamaður skellti sér í kaffi til Hauks í Súðavík og grennslaðist m.a. fyrir um bakgrunn hans, tónlistina í lífi hans og konuna sem varð til þess að hann flutti frá höfuðborgarsvæðinu í lítið sjávarþorp á Vestfjörðum.

„Ég er alinn upp í Hlíðunum og að stórum hluta í Norðurmýrinni í Reykjavík. Það var yndislegur staður til að vera strákur. Ég ólst að mestu upp hjá móðurbróður mínum og konunni hans, sem gengu mér í foreldrastað. Ég flutti alfarið til þeirra 12 ára gamall þegar foreldrar mínir skildu, þau voru mér ofboðslega góð. Eiginkona frænda míns var mér sem móðir, svo ég er einn þeirra sem geta sagst hafa átt tvær mæður.

Ég hóf mína drykkju 14-15 ára gamall og var fluttur út 16 ára gamall í risherbergi á Hverfisgötu. Ég vann á bensínstöð og allur peningur sem ég aflaði mér fór í áfengi. Ég hafði engan til þess að kaupa fyrir mig áfengi og hafði vitanlega ekki aldur til þess sjálfur. Ég fór því alltaf í Lindargöturíkið gamla en þar var gamall og góður maður sem ég sigtaði alltaf út. Hann afgreiddi mig alltaf því hann stóð í þeirri trú að ég væri að versla fyrir mömmu mína. Fyrir vikið gat ég aldrei keypt neitt nema sérrí og martini eða slíka konudrykki og fékk vægt ógeð á því.

Ég lendi þarna inn í alkóhólisma 16 ára gamall og drakk nánast sleitulaust þar til ég var 26 ára. Í kringum 19 ára aldurinn breytist neyslan í yfir í það sem ég kalla hvítflibbadrykkju. Ég var þá að vinna í fataverslun og breytti minni drykkjumennsku. Um tvítugt fór ég að spreyta mig í íþróttum og æfði af kappi í þrjú ár ásamt því sem ég vann og drakk. Það er ekki góður kokteill.

Þegar ég fór í meðferð átti ég konu og barn en var mjög óábyrgur í alla staði. Minni drykkju fylgdu þessir skapgerðarbrestir sem svo oft fylgja, þá aðallega óheiðarleiki með stóru ó-i gagnvart mínum nánustu, sjálfum mér og lífinu. Í meðferðinni hófst ganga mín til lífsins að nýju og ég vil meina að þegar ég kom út aftur var ég 26 ára maður með andlegan þroska 16 ára unglings. Mikil vinna beið mín, sem reyndi mikið á mig sjálfan og ekki síst eiginkonu mína sem þurfti allt í einu að umbera þennan ungling sem áður vissi allt, gat allt og kunni allt en var allt í einu orðinn fremur umkomulaus.

Ég stundaði AA-fundi og fór snemma að vinna sporin og það var mín leið til andlegs þroska. Ég fékk yndislegan trúnaðarmann sem sponsaði mig í 16 ár þar til hann lést. Hann hjálpaði mér með ráðum og dáð að púsla mér saman í þann einstakling sem ég er í dag. Ég hikaði ekki á þessum árum að leita mér hjálpar þar sem ég þurfti og bý að því enn þann dag í dag.“

Nýtt líf í Tollgæslunni

„Þegar ég var rúmlega þrítugur rættist langþráður draumur minn að gerast löggæslumaður. Pabbi minn og afi voru lögreglumenn og því hafði það blundað í mér frá því að ég var barn. Pabbi var mér mikil fyrirmynd.

Ég fór í Tollgæsluna og þar hófst algjörlega nýr kafli í mínu lífi. Ég var ekki búinn að vera þar nema í hálft ár þegar ég var tekinn inn í leitar- og rannsóknarteymið sem gekk þá undir nafninu Svarta gengið. Ég var í því starfi í níu ár eða þar til ég tók við fíkniefnaleitarhundinum Bassa, sem ég var með í átta ár. Ég fór í gegnum mikla þjálfun í fíkniefnaleit, bæði hér heima og erlendis. Þetta var rosalega skemmtilegur tími í mínu lífi en á sama tíma mikill álagstími. Þegar ég tók við Bassa voru fáir fíkniefnahundar á landinu og við vorum í stöðugum útköllum alla daga vikunnar, á hvaða tíma sólarhrings sem var. Það var því mikið álag bæði á lögreglumönnum og tollvörðum sem voru með hunda á þessum tíma.

Ég var búinn að vera með Bassa í tvö ár þegar ég fór að þróa forvarnastarf sem ég sneið í kringum fíkniefnahundinn. Ég byrjaði á því að fara í skóla og kirkjur en endaði svo á því að sníða þetta fyrir grunnskólanema í 8. bekk. Ég reyndi að hitta öll fermingarbörn á landinu ár hvert. Við sr. Bjarni Karlsson komum á legg samningi sem samþykktur var á milli tollstjóra og Biskupsstofu, sem gerði mér kleift að ég gat heimsótt fermingarbörn alls staðar á landinu. Ég var að vinna við þetta alveg þar til ég hætti í Tollgæslunni.

Einmitt í einni slíkri heimsókn kom ég til Súðavíkur árið 2003 til að ræða við nemendur á unglingastigi. Í skólastofunni var stödd mjög falleg og indæl kona sem ég tók vel eftir. Hlynur Snorrason lögregluþjónn var með í för og ég spurði hann hver þessi kona væri. Hann sagði mér af henni og m.a. að hún væri mikil söngkona. Mig vantaði einmitt konu til að syngja með mér og hringdi í hana síðar um daginn og spurði hvort hún vildi hitta mig í Ísafjarðarkirkju og syngja með mér nokkur lög. Hún gerði það og við vorum ein í kirkjunni. Þegar hún söng snart hún einhvern streng í hjarta mér sem hljómaði mjög sterkt. Að söngstundinni lokinni fór ég aftur á herbergið mitt Hótel Ísafirði og gekk þar um gólf þar til ég hafði náð upp kjarki til að hringja og spyrja hvort ég mætti koma í kaffi. Hún sagði að ég væri velkominn og ég er búinn að vera hérna síðan.“

Hinn stórbrotni einfaldleiki

„Ég tók mjög fljótlega þá ákvörðun eftir að ég kynntist Lilju að ég ætlaði að flytja til hennar í Súðavík. Við vorum í fjarbúð í fjórtán mánuði en síðan tók ég þá ákvörðun að segja upp starfi mínu og flutti. Segja má að ég hafi verið að kveðja ævistarfið mitt þegar ég hætti hjá tollinum. Auðvitað var það átak en ég var ákveðinn og ég fann um leið og ég kom að það myndi eiga mjög vel við mig að búa hér. Ég kom atvinnulaus að vori árið 2003 og hafði þá aldrei áður verið án atvinnu. Ég var fljótlega farinn að vinna með unglingunum við að skafa gangstéttir og þegar því sumarverki lauk gekk ég inn í Bónus og var farinn að vinna þar tveimur dögum seinna og orðinn aðstoðarverslunarstjóri eftir viku. Síðan vann ég sem yfirþjónn hjá Gumma og Möttu á Langa Manga í ár. Þegar því lauk fékk ég núverandi starf sem svæðisstjóri Vífilsfells á Vestfjörðum. Þetta er mjög gott starf og gríðarlega öflugt og gott fyrirtæki að vinna fyrir, skammlaust það besta sem ég hef unnið fyrir. Starfið hentar mér vel, mikið um mannleg samskipti og ferðalög, en hvort tveggja á mjög vel við mig.

Það sem ég dýrka við að búa á Vestfjörðum er hinn stórbrotni einfaldleiki. Hér er allt sem við þurfum auk þess sem við höfum þessa nálægð við fólkið sem mér finnst svo góð. En á móti kemur að vegna þessarar nálægðar hvílir á okkur gríðarleg ábyrgð að við séum ekki að baktala náungann.

Þegar ég hætti í tollinum var mér gefinn Bassi og hann kom með mér vestur og fór á eftirlaun. Þegar við unnum við forvarnafræðsluna fengum við ýmsar viðurkenningar, m.a. frá Samanhópnum og forvarnaverðlaun VÍS. En það sem færri vita er að þegar við Bassi fórum í úttektina, sem allir fíkniefnahundar þurfa

að ganga í gegnum áður en þeir taka til starfa, fékk hann 9,9 í einkunn eða 63 stig af 64 mögulegum.

Hann var gríðarlegur karakter og einn besti vinnufélagi sem ég hef átt. Hann var náttúrlega með mér vakinn og sofinn í átta ár. Það var mikið áfall fyrir mig þegar féll frá og ég ætlaði aldrei aftur að fá mér hund. En svo æxlaðist það nú þannig að við fengum okkur Sögu Rós í vor, en hún er eins og lítil útgáfa af Bassa."

Gæfuspor að flytja vestur

„Mitt mesta gæfuspor í lífinu var að flytja vestur. Hér hef ég eignast algjörlega nýtt líf. Tónlistin mín hefur blómstrað og ég hef verið í skjóli yndislegrar konu sem styður mig með ráðum og dáð og ekki skemmir fyrir að hafa meistara Mugison í næsta húsi.

Nánast strax og ég kom vestur fór ég í Kammerkórinn og upp úr 2005 fór ég að undirbúa útgáfu á sálma- og lofgjarðardiski sem við Lilja gáfum út tveimur árum seinna. Þetta var mjög skemmtilegt samstarfsverkefni sem við áttum með Gospelkór Vestfjarða. Síðastliðið eitt og hálft ár höfum við verið að vinna að útgáfu tveggja slökunardiska sem verða saman í setti en þeir heita Stundin mín og Góða nótt. Stefnan er að þeir komi núna út í byrjun nóvember. Á þeim fer Lilja með texta og ég flyt tónlist undir. Stundin mín er hugsaður til að ná slökun eftir vinnu en Góða nótt til þess að sofna út frá diskinum værum blundi.

Ég er afar þakklátur fyrir hvað fólk er tilbúið að hjálpa til hér fyrir vestan. Það er til ótrúlega mikið af góðu fólki.

Ég byrjaði aftur á forvarnastarfinu í vetur og eitt af mínum markmiðum er að reyna hitta öll fermingarbörn á Vestfjörðum. Ég ætla í byrjun að einskorða mig við fjórðunginn. Ég ætla mér í sumar og haust að leita til fyrirtækja og nokkurra einstaklinga til að styrkja mig fyrir ferðakostnaði og gistingu, en ég vinn þetta í sjálfboðavinnu. Draumurinn minn er að eignast lítinn ferðaskjávarpa sem myndi nýtast mér við þetta og annað fræðslustarf. Það er kannski fullsnemmt að segja frá því, en við Lilja erum smíða saman fræðslustarf eða námskeið fyrir ungt fólk. Þetta er eitthvað sem við erum sitt í hvoru lagi að brjóta heilann um, það er komin beinagrind að þessu. Ég hélt á sínum tíma hundruð fyrirlestra um allt land, bæði fyrir börn og foreldra, og ég er alveg ákveðinn að ég ætla ekki að láta þessa reynslu lognast út af. Ég fann það þegar ég byrjaði á forvarnastarfinu í vetur að ég hef engu gleymt og næ enn til krakkanna. Mér finnst það því engin afsökun fyrir að hætta þessu að maður skipti um starfsvettvang. Mér rennur því svolítið blóð til skyldunnar að halda þessu starfi áfram, bæði í fíkniefnafræðslu og svo í fræðslustarfi með Lilju."

Fjölskyldan og tónlistin

Haukur segist vera ríkur maður að börnum og barnabörnum.

„Ég á fjóra stráka, tveir af þeim fóstursynir. Þrír af þeim búa í Reykjavík en sá fjórði býr í Noregi. Símon heitir hann og er afreksmaður í íþróttum. Fyrir ári varð hann Noregsmeistari í sínum þyngdarflokki í kickboxing og stendur sig gríðarlega vel. Yngstur er Samúel sem er í menntaskóla en Arnar Steinn og Stefán eru báðir í háskóla. Ég á líka sex barnabörn og er því mjög ríkur maður að því leyti. Svo eru það nú þvílík forréttindi að hafa Eldar og Dýra, dóttursyni Lilju, í næsta húsi. Ég upplifi mig sem föður í annað sinn þó að þetta sé ólíkt foreldrahlutverkinu á margan hátt. En föðurástin til þeirra er samt sterkari en afaástin."

Er hér var komið í viðtalinu kom Lilja inn um dyrnar og tók þátt í spjallinu. Blaðamaður stóðst þá ekki mátið og spurði hvort tónlistin hefði tengt þau sterkari böndum.

„Já, það gerir það. Þetta þroskar okkur saman. Ég hef verið viðriðin tónlist allt mitt líf og sungið í öllum kórum á svæðinu nema karlakórnum! En við unnum saman að Lofgjörð til þín og það var ekki brot af þeim diski sem ekki kom frá okkur. Þetta var hugarfóstur okkar sem varð að komast út. Það er mjög gaman að hlusta á diskinn núna þegar þessi tími er liðinn, þetta er falleg tónlist og fallegir textar og maður hugsar með stolti: Þetta gerðum við. Þetta er eins og barnið okkar," segir Lilja.

„Þetta var frumburðurinn og nú eru tvíburar á leiðinni," segir Haukur og þau hlæja bæði, en þar á hann vitaskuld við slökunardiskana sem eru væntanlegir.

„Svo erum við líka farin að vinna að rokk- og ballöðudiski sem vonandi kemur út næsta sumar. Það eru komnar beinagrindur að þremur lögum á þeim diski og við höfum nú þegar flutt þau á tónleikum við fínar undirtektir. Ég fer að vinna í því fyrir alvöru eftir að tvíburarnir fæðast," segir Haukur.

Ólíkir heimar

Lilja og Haukur búa í gömlu húsi í nýju Súðavík, sem á sér mikla sögu.

„Þetta hús er með heilmikla flutningssögu. Húsið var byggt úr rekaviði í Rekavík á Hornströndum en þegar búi var brugðið fyrir norðan og allir að flytja burt var ákveðið að taka húsið niður og flytja með sér. Þess vegna var því fleytt yfir Djúp og reist að nýju í gömlu Súðavík. Síðan var það tekið niður aftur árið 1997 og flutt yfir í nýju byggðina," segir Lilja, en hún hefur mikla reynslu af gömlum, sögufrægum húsum.

„Ég er fædd og uppalin í Melrakkasetri Íslands, í gamla Eyrardalsbænum. Hann var nú kominn algjörlega að hruni þegar hann var tekinn í fóstur og gerður upp. Það er svolítið sérstakt að muna tímana tvenna, eiginlega þrenna. Þar var ekki salernisaðstaða og ekki heitt vatn. Húsið hélt hvorki vatni né vindum og á tímabili þegar mjög kalt var frusu sængurnar við þilin þegar þær lágu við útvegginn. Yngsti bróðir minn var mánaðargamall þegar við fluttum, en það var í desembermánuði. Hann var hafður í gærupoka, með húfu og vettlinga undir dúnsæng við eldavélina til að halda á honum hita," segir Lilja.

„Við berum oft saman líf okkar áður en leiðir okkar lágu saman og þetta eru algjörlega ólíkir heimar. Þegar hún var tólf ára flutti hún úr gamla bænum í steinhús og ég var þrettán ára í Norðurmýrinni. En ég held nú samt að við höfum verið mjög hamingjusöm, sitt í hvoru horninu," segir Haukur og brosir til unnustu sinnar. Að svo stöddu klárar blaðamaður úr kaffibollanum og kveður skötuhjúin í Súðavík.

– thelma@bb.is

Rekstur félagslega íbúðakerfisins erfiður

Sameining sveitarfélaganna við Ísafjarðardjúp ein og sér er ekki líkleg til að hafa áhrif á afkomu félagslegra íbúða með beinum hætti. Hins vegar má ætla að leggja megi aukna áherslu á málaflokkinn með þeirri sérhæfingu sem stærra sveitarfélag yrði byggt. Þetta kemur fram í skýrslu Hundrað daga nefndarinnar svokölluðu sem skipuð var til að kanna hvort sameining sveitarfélaganna væri fýsilegur kostur. Þar segir að rekstur félagslega íbúðakerfisins hafi verið sveitarfélögunum erfiður í langan tíma. Sveitarfélögin hafa lagt umtalsvert fjármagn til kerfisins sérstaklega vegna lögboðinnar innlausnarskyldu íbúða.

Á sveitarfélögum hvílir sú kvöð að þegar íbúi í félagslegri íbúð óskar eftir því að flytjast úr íbúð sinni, er sveitarfélaginu skylt að innleysa íbúðina. Innlausnarverðið hefur tekið mið af verðbættu framlagi íbúanna, auk þess sem sveitarfélagið yfirtekur verðbætt lán. Í þeim sveitarfélögum þar sem íbúðaverð hefur ekki haldið í við verðlagsþróun hefur smám saman myndast ójafnvægi þegar íbúum hafa boðist hagstæðari búsetukostir.

Bolungarvík.

Auk þessa hefur það haft áhrif á hagkvæmni félagslegra íbúða að félagslegri aðstoð við íbúðakaup hefur í auknum mæli verið beint í gegnum skattkerfið. Þetta hefur valdið því að sveitarfélögin hafa þurft að yfirtaka íbúðir, sem þau hafa ekki getað selt að nýju og því liggja þau með yfirteknar skuldir, mest við Íbúðalánasjóð, auk þess sem þau hafa lagt fram umtalsvert fjármagn til að halda rekstri íbúðanna gangandi. Varasjóður viðbótarlána hefur bætt sveitarfélögunum þennan kostnað að hluta. Þrátt fyrir það eru nokkrar skuldir enn ógreiddar og árlega gert ráð fyrir nokkru framlagi til kerfisins.

Sveitarfélögin hafa komið að fjárhagslegum stuðningi við félagslegar íbúðir með mismunandi hætti. Bolungarvíkurkaupstaður hefur lagt kerfinu til árlegt framlag og á árinu 2009 var felld niður um 73 milljóna kr. skuld kerfisins við Íbúðalánasjóð auk þess sem um 67 milljóna kr. framlag fékkst úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Árið 2008 lagði sveitarfélagið um 51 milljónir kr. til kerfisins. Ísafjarðarbær hefur einnig lagt félagslega íbúðakerfinu til árlegt rekstrarframlag, sem hefur numið um 10-15 milljónum kr. síðustu ár. Hjá Súðavíkurhreppi hefur framlag sveitarfélagsins verið eignfært og skuldar félagslega íbúðakerfið því aðalsjóði um 17 milljónir kr.

Íbúð á Hlíf II Ísafirði

Skrifstofu minni hefur verið falið að annast söku á íbúð að Hlíf II, Ísafirði. Um er að ræða 78m² íbúð á 4. hæð hússins.

Íbúðin er í góðu ástandi og er laus til afhendingar. Óskað er eftir tilboðum í eignina en allar nánari upplýsingar um eignina gefur undiritaður.

Lögsýn ehf.,
Björn Jóhannesson, hrl.,
Skipholti 50 d, Reykjavík,
sími 456 4577.

LÖGSÝN EHF.
Lögfræðiþjónusta

Heilbrigðisstofnun Vestfjarða

Móttaka læknis

Háls-, nef- og eyrnalæknir verður með móttöku á Heilbrigðisstofnun Vestfjarða, Torfnesi, 9.-12. júní nk.

Tímapantanir í síma 450 4500 kl. 08-16.

Setja sig ekki á móti svæði undir húsbíla og tjaldvagna

Byggðasafn Vestfjarða, sem staðsett er í Neðstakaupstað á Ísafirði, setur sig ekki upp á móti svæði fyrir húsbíla og tjaldvagna, í nágrenni safnsins, að því er fram kemur í svarbréfi til bæjaryfirvalda í Ísafjarðarbæ. Sveitarfélagið fór þess á leit við stjórn safnsins að fá álit á erindi Elíasar Oddssonar, f.h. Kagrafells ehf., sem vill „gera á einfaldan hátt „tjaldstæði“ fyrir húsbíla og tjaldvagna“ á svæðinu. Stjórn safnsins vill þó að nokkur atriði verði höfð í huga við afgreiðslu erindisins.

„Samkvæmt aðalskipulagi 2008-2010 er umrætt svæði merkt sem þjónustusvæði sem næst er safninu og íbúðarsvæði þar fyrir utan. Byggðasafn Vestfjarða setur sig ekki upp á móti þessari þjónustu en leggur þó áherslu á að leyfisveitingar verði með takörkunum um tímalengd og umgegni.“ Þá kemur einnig fram að í erindinu sé stærð lóðarinnar ekki tilgreind. Þá segir stjórn Byggaðsafns Vestfjarða að ástæða sé til að benda á hreinlætisaðstöðu og umhirðu þeirra.

„Byggðasafn Vestfjarða hefur til þessa séð um þrif á almenningssalernunum í Neðstakaupstað. Það er ljóst að með tilkomu umrædds svæðis verður mun meiri ágangur og umhirða meiri en hingað til. Hver stendur straum af þeim kostnaði?“ Bæjarráð hefur hefur vísað svari Byggðasafns Vestfjarða til umhverfis- og atvinnumálanefndar.

Vísi lokað í þrjá mánuði

Fiskvinnslunni Vísi á Þingeyri verður lokað í þrjá mánuði vegna langvarandi hráefnisskorts. Síðasti vinnudagur fyrir lokun var á mánudag. „Þetta eru tæpir tveir mánuðir umfram sumarfrí sem við þurfum að hafa lokað. Við erum komnir í þannig veiði að þetta er eina svarið þar sem markaðsverðin eru ekki nógu stabíl og framboðið ekki nóg,“ segir Pétur H. Pálsson, framkvæmdastjóri Vísis hf. í Grindavík, sem rekur fiskvinnslu á Þingeyri.

„Nú er verið að veiða keilu og löngu sem fer í salt, við erum að missa þarna sem nemur einum mánuði í vinnslu vegna strandveiðanna,“ bætir hann við. Vísir hóf vinnslu á Þingeyri fyrir áratug og eru starfsmenn vinnslunnar nú um 25-30 að öllu jöfnu. Miðað er við að vinnsla hefjist aftur í september.

Auk Þingeyrar er Vísir hf. með starfsstöðvar í Grindavík, á Djúpavogi og á Húsavík en vinnslunni á síðastnefnda staðnum verður einnig lokað í þrjá mánuði. Vísir gerir út fimm báta sem veiða þar sem fiskurinn er og landa þar sem hentast er hverju sinni en síðan er honum ekið á vinnslustað milli landshluta eftir þörfum.

– thelma@bb.is

Stálþil á Mávagarði boðið út

Hafnir Ísafjarðarbæjar hafa óskað eftir tilboðum í byggingu á 61 metra löngum stálþilsbakka við Mávagarð þar sem koma á upp olíubryggju. Í helstu magntölum felst fylling á um 8.000 m³ svæði og rekstur auk þess sem steypa þarf 28 akkerisplötur og kantbita á stálþil sem nemur 93 metrum. Verkinu skal lokið eigi síðar en 1. desember í ár samkvæmt tilkynningu á vef Sigligingastofnunar. Beðið hefur verið lengi eftir framkvæmdir hefjist við framtíðarstað olíubirgðastöðvar við Sundahöfn á Ísafirði en ekki hefur fengist fjármagn til þess. Núverandi staður við Suðurgötu hefur lengi verið nokkuð umdeildur en ekki hefur fengist fjármagn til að hefja framkvæmdir við framtíðarstað olíubirgðastöðvar við Sundahöfn á Ísafirði.

Núverandi staður við Suðurgötu hefur lengi verið nokkuð umdeildur og árið 2005 sagði þáverandi bæjarfulltrúi Samfylkingar, Bryndís Friðgeirsdóttir: „Við megum alls ekki gefast upp í leit að nýjum stað.“ Samkvæmt því sem Bryndís sagði hafði svæðinu á Mávagarði verið úthlutað undir birgðastöðina þá þegar en því hafði verið hafnað af fyrirtækinu vegna kostnaðar.

Eins og fram hefur komið lauk vinnuhópur um framtíðarstað birgðastöðvarinnar starfi sínu árið 2007 eftir að skýrsla unnin af VST fyrir hópinn hafði verið kláruð. Í skýrslunni komu fram þeir kostir sem hópurinn taldi fyrir því að birgðastöðin yrði færð á nýtt svæði á Mávagarði. Meðal kosta eru nefndir að lóðin við Suðurgötu losni og hægt verði að nýta hana í aðra starfsemi sem henti betur á svæðinu, ekki þyki líklegt að byggð muni þrengja að nýrri staðsetningu og að mögulegt verði að skilja að löndun fisks og löndun olíu. Í maí sama ár gerði umhverfisnefnd ekki athugasemd við umsókn um framlengingu undanþágu á starfsleyfi stöðvarinnar að Suðurgötu. Var samþykkt að gera ekki athugasemd við að bráðabirgðaleyfi verði veitt á þeirri forsendu, að verið er að breyta skipulagi við Mávagarð við Sundahöfn, þar sem gert sé ráð fyrir olíubirgðastöð.

Umhverfisnefnd bendir einnig á að framkvæmdin væri á samgönguáætlun og gert ráð fyrir að úthlutun lóða undir olíubirgðastöð verði vorið 2008.

Ekkert því til fyrirstöðu að leigja út Krambúðina

Stjórn Byggðasafns Vestfjarða sér ekkert því til fyrirstöðu að Krambúðin í Neðstakaupstað verði leigð út. Bókun þessa efnis var samþykkt á fundi stjórnar Byggðasafns Vestfjarða á dögunum en bæjarráð Ísafjarðarbæjar óskaði eftir umsögn safnsins um áframhaldandi útleigu Krambúðarinnar eða annarra nota af því húsi. Komst stjórn Byggðasafnsins að þeirri niðurstöðu að ekkert væri því til fyrirstöðu að Krambúðin yrði áfram í útleigu, en rétt væri að gera ráð fyrir endurskoðun samningsins með reglulegu millibili.

Krambúðin í Neðstakaupstað.

„Þó svo að safnið gæti vel nýtt sér þetta húsnæði, þá eru enn bundnar vonir við að hægt verði að halda áfram með framkvæmdir við nýbygginguna í Neðstakaupstað þar sem safnið mun hafa framtíðaraðstöðu. Það þykir kostur að hafa húsið áfram í byggð, þannig að líf sé á safnsvæðinu árið um kring og líka ákveðið öryggisatriði,“ segir í bókun stjórnar Byggðasafns Vestfjarða. Bæjarráð Ísafjarðarbæjar felur bæjarstjóra að annast útleigu húsnæðisins.

Töluverður áhugi þrotabúi Bakkavíkur

„Það eru einhverjar þreifingar og þó nokkur áhugi á málinu. Ég á von á að það liggi fyrir einhver tilboð í þessari viku og þá á eftir að sjá til hvort að eitthvað náist saman,“ segir Tryggvi Guðmundsson, skiptastjóri þrotabús rækjuverksmiðjunnar Bakkavíkur í Bolungarvík. Bakkavík var úrskurðuð gjaldþrota í síðasta mánuði en stjórnendur fyrirtækisins höfðu um nokkurra vikna skeið átt í viðræðum við helstu lánardrottna félagsins um fjárhagslega endurskipulagningu en þær umleitanir báru ekki árangur. Vegna þessa var stjórn Bakkavíkur hf. nauðugur sá einn kostur að óska eftir að félagið yrði tekið til gjaldþrotaskipta.

Bakkavík hf. var stofnuð árið 2001 og hefur rekið öfluga rækjuvinnslu í Bolungarvík síðan. Félagið rak jafnframt fiskvinnslu og útgerð um nokkurra ára skeið og var mest með rúmlega 100 manns í vinnu. Rekstur Bakkavíkur hefur skilað þokkalegri afkomu allt til ársins 2009 en félagið hafði nýlokið við endurbætur á rækjuvinnslunni þegar efnahagshrunið varð árið 2008.

Vegna gengisbreytinga hækkuðu skuldir félagsins verulega og á sama tíma dró úr sölu afurða vegna efnahagskreppu á helstu mörkuðum.

– thelma@bb.is

Mannabreytingar í sparisjóðnum

Mannabreytingar verða í útibúi Sparisjóðsins í Keflavík á Ísafirði í sumar en þá fara tveir stjórnendur þess í ný störf og aðrir taka við. Alda Agnes Gylfadóttir útibússtjóri og Katrín Skúladóttir þjónustustjóri láta af störfum. „Ég er að flytja mig í höfuðstöðvarnar þar sem ég sinni sérverkefnum og Katrín er að fara vinna hjá Orkubúi Vestfjarða,“ segir Alda. Í hennar stað kemur Sveinn Ingi Kjartansson aðstoðarútibússtjóri og Brynja Helgadóttir tekur við af Katrínu. Þá kemur Lilja Kristinsdóttir frá Flateyri yfir á Ísafjörð og tekur við starfi aðstoðarútibússtjóra.

„Viðskiptavinir fá því áfram þá góðu þjónustu sem það hefur fengið enda eru þetta allt innanhúshreyfingar,“ segir Alda. Aðspurð segir hún blendnar tilfinningar fylgja því að hætta enda hafa þær báðar starfað við sparisjóðinn í árafjöld. „Ég er samt sem áður mjög spennt að takast á við ný verkefni og ég held það sé það sama hjá Katrínu.

– thelma@bb.is

ÍSAFJARÐARBÆR

NÆRUVARSLA Á TJÖRN, ÞINGEYRI

Óskað er eftir tveimur starfsmönnum í tvo mánuði í sumar til að sinna næturvörslu á Tjörn, Þingeyri, alla daga vikunnar frá kl. 24:00 til 08:00.
Nánari upplýsingar um starfið og launakjör veitir Sædís M. Jónatansdóttir, ráðgjafi á Skóla- og fjölskylduskrifstofu í síma 450 8000 eða í gegnum netfangið saedis@isafjordur.is.
Umsóknarfrestur er til 10. júní 2010.

Frjálsíþróttaskóli
Ungmennafélags Íslands

Ungmennafélag Íslands starfrækir frjálsíþróttaskóla víðsvegar í sumar fyrir ungmenni 11 til 18 ára.

Dagsetningar fyrir frjálsíþróttaskóla 2010

Borgarnes	UMSB	21.06 – 25.06
Laugar í Reykjadal	HSÞ	21.06 – 25.06
Egilsstaðir	UÍA	21.06 – 25.06
Akureyri	UMSE -UFA	12.07 – 16.07
Laugarvatn	HSK	19.07 – 23.07
Sauðárkrókur	UMSS	19.07 – 23.07
Mosfellsbær	UMSK	19.07 – 23.07
Höfn í Hornafirði	USÚ	19.07 – 23.07

UMFÍ

Nánari upplýsingar á heimasíðu UMFÍ www.umfi.is og í síma 568-2929.

Sparisjóður Bolungarvíkur.

Fjárhagslegri endurskipulagningu lokið

Fjárhagslegri endurskipulagningu Sparisjóðs Bolungarvíkur er lokið en sjóðurinn tapaði 2.260 milljónum króna á síðasta ári samanborið við 1.618 milljón króna tap árið 2008. Eigið fé sparisjóðsins var neikvætt um 2.029 milljónir króna í árslok 2009. Segir í tilkynningu til kauphallarinnar að samningum vegna fjárhagslegrar endurskipulagningar sparisjóðsins er lokið með samþykki allra kröfuhafa sparisjóðsins. Endanlegur frágangur bíður samþykkis eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) en erindið var sent til umsagnar ESA í apríl síðastliðinn. Fundur stofnfjáreigenda er boðaður þann 10. júní næstkomandi þar sem farið verður yfir atriði fjárhagslegrar endurskipulagningar sjóðsins og óskað samþykkis stofnfjáreigenda.

Í tengslum við fjárhagslega endurskipulagningu sparisjóðsins verða verðbréf sparisjóðsins afskráð úr Kauphöll, en allir eigendur skuldabréfa sem gefin hafa verið út af sparisjóðnum hafa samþykkt afskráningu fyrir sitt leyti. Að teknu tilliti til fjárhagslegrar endurskipulagningar sparisjóðsins er tapið 202 milljónir og CAD eigið fé 19,22%. Jákvæð áhrif fjárhagslegrar endurskipulagningar sjóðsins sem miðast við 31.12.2009 koma ekki fram í ársreikningi þar sem dráttur á afgreiðslu málsins var of mikill til að hægt væri að taka tillit til þess í ársreikningi, samkvæmt tilkynningu.

Virðisrýrnun eigna Sparisjóðs Bolungarvíkur nam 2.226 milljónum króna árið 2009 samanborið við 667 milljónir árið 2008. Þessi aukning er að mestu leyti tilkomin vegna virðisrýrnunar útlána sparisjóðsins í erlendum myntum. Heildareignir námu 6.846 milljónum króna í árslok 2009 og hafa dregist saman um 37,5% á árinu. Útlán til viðskiptamanna námu 3.746 milljónum króna í árslok 2009. Innlán námu 3.758 milljónum króna í lok ársins 2009.

CAD-eiginfjárhlutfall verður 19,22% við lok ársins miðað við samninga um fjárhagslega endurskipulagningu en er neikvætt samkvæmt ársreikningi.

„Horfur fyrir árið 2010 eru ágætar og við frágang þeirrar fjárhagslegu endurskipulagningar, sem nú bíður samþykkis ESA og fundar stofnfjáreigenda, á rekstrargrundvöllur sparisjóðsins að vera tryggur. Getur sparisjóðurinn þá tekið á ný stöðu sína sem bakhjarl í heimabyggð og lagt sín lóð á vogaskálarnar við endurreisn íslensks samfélags," segir í tilkynningu til Kauphallar Íslands.

Erum við betur sett?

Stakkur skrifar

Sveitarstjórnarkosningum er lokið og úrslitin koma allaf einhverjum á óvart og ekki eru allir ánægðir. Sumir hafa unnið sigur, aðrir varnarsigur, en fæstir viðurkenna að þeir hafi tapað þótt árangurinn hafi ekki verið í samræmi við væntingar. Ljóst má vera að stjórnmálaflokkarnir hljóta að taka sín innri mál til skoðunar og fróðlegt verður að sjá hvort það verður gert og hvað kemur út úr því. En fyrst og fremst er þetta niðurstaða sem við er að fást og kjósendur og íbúar sveitarfélaganna verða að búa við næstu fjögur árin. Takist að mynda samstöðu um að gera líf íbúanna auðveldara og láta þá njóta vafans af mismunandi stefnu hinna ýmsu framboða er til nokkurs barist. Vonandi tekst það og einnig að ná tökum á fjármálum og forgangsraða málaflokkum í þágu íbúanna.

Hvað verður annars kemur hægt og bítandi í ljós á næstu vikum og við skulum heldur ekki gleyma því að meirihlutar brotna gjarna upp á kjörtímabilinu. Ágreiningur kemur upp sem erfitt reynist að leysa. Stefna stjórnmálaflokks kann að koma í veg fyrir að góð mál nái fram að ganga og þótt alltaf sé gott að greina fortíðina og það beri að gera má ekki gleyma því að markmiðið hlýtur að vera að bæta fyrir það sem miður var gert og nýta lærdóminn til þess að gera betur. Við munum á næstu árum búa við þröngan fjárhag Íslendingar og fátt í sjónmáli sem sýnir að ríkisstjórn og Alþingi ætli að snúa við blaðinu og skapa umhverfi til þess að byggja upp. Þetta er sá veruleiki sem sveitarfélögin búa við og verða að starfa í. Þau eiga þó kost á því að koma sínum áhrifum að og best er að gera það í miklu samráði við íbúana. Þeir borga brúsann og bera skaðann af því sem miður fer í stjórn sveitarfélaga.

Rétt þykir að bíða aðeins með að greina niðurstöðurnar frekar því alltaf þarf einhvern tíma til þess að sveitarstjórnarmenn komi sér í gírinn þótt auðvelt sé viðfangs þar sem meirihlutinn er hreinn og einn. Sérframboðin sem byggðu á húmor, auðskildum eða misskildum, eru kapítuli út af fyrir sig og mikill áhugi á þeim er athugunarefni fyrir stjórnmálaflokkana. Kannski ættu sveitarstjórnarmál að vera rekin óháð stjórnmálaflokkum sem starfa á landsvísu. En frekar ósennilegt er að það takist. Til þess eru of margir sannfærðir um málstað sinn og síns flokks. En kannski þurfum við að læra að stunda pólitík, þar sem menn ræða saman til að leggja línur, skoða og skilgreina viðfangsefni og fara um leið yfir hvaða kostir séu í stöðunni og hvað þeir kosta. Margt væri öðru vísu umhorfs á Íslandi ef það hefði verið gert og bæði stjórnmálum landsins og ekki síður í bönkunum. Við finnum sennilega aldrei leið til þess að halda frá mönnum eins og þeim sem purkunarlaust gerður sitt og talsvert mikið til þess að setja Ísland á höfuðið fjárhaglsega. En þannig fólk þurfum við ekki í stjórnmálum. Svo einfalt er það.

Þá er ekkert annað eftir en að vona að vel takist að vinna úr úrslitum kosninganna og óska kjósendum til hamingju með valið og vona að þeir séu sáttir.

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í ***Bæjarins besta*** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum ***Stakks*** á meðan hann notar dulnefni sitt.

smáar

Tapast hefur grænn íþróttapoki með íþróttaskóm og fermingarfræðslubók. Finnandi vinsamlegast hafi samband í síma 899 2894.

Til leigu er 3ja herb. íbúð í miðbæ Ísafjarðar. Um er að ræða 69m² íbúð. Framtíðarleiga kr. 70 þús. pr. mánuð. Einn mánuður fyrirfram. Upplýsingar í síma 867 9365.

Til sölu er golfsett, kerra og poki fyrir 8-10 ára krakka. Gott verð. Uppl. í síma 456 5363.

Til leigu eru orlofsíbúðir á Akureyri. Margar stærðir af íbúðum. Eru á frábæru verði. Leigðar út um helgar og vikulega. Uppl. í síma 896 3256.

Óska eftir að kaupa notaðan kæliskáp með frystihólfi. Uppl. í síma 868 0719.

Vegna flutninga er til sölu nýleg þvottavél. Verð kr. 30 þús. Uppl. í síma 846 6368.

Óska eftir að kaupa notuð húsgögn. Er sérstaklega að leita eftir sófa, rúmfötum, eldhúsborði og stólum. Vinsamlegast hafið samband á netfanginu neil.holdsworth@gmail.com. Svarið helst á ensku ef mögulegt er.

Vatnssamningurinn fallinn úr gildi

Samningur milli Ísafjarðarbæjar og fyrirtækisins Brúarfoss ehf., um hagnýtingu og sölu á vatni frá vatnslindum í eigu Ísafjarðarbæjar, sem undirritaður var árið 2008, féll úr gildi 30. apríl síðastliðinn. Samkvæmt ákvæði í samningnum var hann bundinn til 40 ára og almennt er tímabundnum samningum ekki sagt upp nema að sérstakar ástæður liggi fyrir. Í umræddum samningi var hins vegar kveðið svo á að hafi Brúarfoss ehf., ekki tengt vatnslagnir og hafið fyrirhugaða starfsemi fyrir framangreindar tíma, félli samningurinn úr gildi án sérstakrar uppsagnar. Brúarfoss ehf., sem nú heitir reyndar Lindarfoss ehf., hefur farið fram á framlengingu samningnum en bæjarráð Ísafjarðarbæjar ákvað að leita umsagnar hjá bæjarlögmanni um erindið.

Minnisblað bæjarlögmanns, sem lagt var fyrir á síðasta bæjarráðsfundi, staðfestir að samningurinn við Brúarfoss ehf., féll úr gildi þann 30. apríl án uppsagnar og hefur bæjarráð falið bæjarstjóra að tilkynna Brúarfossi ehf., um þessa niðurstöðu.

Samkvæmt fréttum frá upphafi samningstímans hugðist Brúarfoss flytja út vatn í blöðrum og gámum, en ekki átappað. Ætlunin var að markaðssetja vatnið í tvennu lagi, annars vegar sem iðnaðarvatn til vín-, bjór- og lyfjaframleiðenda og hins vegar til Afríkulanda þar sem skortur er á fersku vatni. Einnig stefndi fyrirtækið að því að reisa hús fyrir starfsemina við Ísafjarðarhöfn sem væri 1600 fermetrar að grunnfleti og 6 og hálfs metra hátt. Í samningnum milli Brúarfoss og Ísafjarðarbæjar var gert ráð fyrir allt að 15 þúsund fermetra verksmiðju- og geymsluhúsi fyrir vatnssöluna, en ekki var gert ráð fyrir að þær byggingarframkvæmdir hefjist fyrr en í september 2010. Vatnssalan átti hins vegar að hefjast áður en verksmiðjan væri fullreist, og fyrirtækið hefur starfað við Sindragötu þar sem aðstaða er til að setja í gáma.

– thelma@bb.is

Blómaval opnar á Ísafirði

Blómaval hyggst opna útibú í húsnæði Húsasmiðjunnar á Ísafirði í sumar. „Við ætlum að opna þar Blómaval, sem við köllum í fullri stærð með afskornum blómum, blómakælum og öllu sem því fylgir," segir Kristinn Einarsson, framkvæmdastjóri Blómavals. Ráðist verður í framkvæmdir í júní við að breyta húsnæði Húsasmiðjunnar í Mjallargötu og segir Kristinn að blásið verði til opnunarhátíðar þegar líður á sumarið.

„Það hefur verið töluverður þrýstingur að fá Blómaval vestur í mörg ár og eru þetta því sennilega gleðileg tíðindi fyrir Ísfirðinga og Vestfirðinga. Enda eru þeir að fá þarna bestu blómabúðina með mikið og fjölbreytt úrval." Þess má geta að Blómaval hefur ráðið til sín Júlíönu Ernisdóttir til að starfa.

Árið 2000 keypti Húsasmiðjan fyrirtækið Blómaval og í dag eru sjö Blómavalsverslanir víða um land. Kristinn segir Blómavalsmenn vera ánægða með samstarfið við Húsasmiðjuna. „Við erum að sjá það um allt land að þetta virkar mjög vel saman. Þannig getur líka maðurinn farið í byggingarvörurnar og konan í blómin og þau síðan hist á kassanum," segir Kristinn.

Flateyri við Önundarfjörð.

Eyraroddi í greiðslustöðvun

Fiskvinnslan Eyraroddi hf. á Flateyri hefur fengið þriggja vikna greiðslustöðvun til að koma rekstrinum í betra horf. „Við ákváðum að grípa til þessa úrræðis til að bregðast við þeirri stöðu sem upp er komin í því harðnandi árferði sem ríkir og er það til þess fallið að fá svigrúm til að styrkja reksturinn og vinnsluna svo það komist aftur í rétt horf," segir Teitur Björn Einarsson, stjórnarformaður Eyrarodda. „Rekstrarskilyrðin hafa verið fremur óhagstæð, hráefnisverð innanlands hefur verið mjög hátt en á sama tíma hefur afurðarverð á mörkuðum okkar í Evrópu farið heldur lækkandi undanfarin misseri. Þetta fer ekki vel saman og við þurfum að bregðast við því. Greiðslustöðvunin er því fyrst og fremst hugsuð til að veita okkur svigrúm til þess að koma rekstrargrundvellinum í betra horf," segir Teitur.

Á fimmta tug manns vinna hjá fyrirtækinu sem tók til starfa haustið 2007. Aðspurður segist Teitur vera ágætlega vongóður um að það takist að koma rekstrinum á rétt ról. „Við gripum snöggt í þetta úrræði og þá er það frekar til þess fallið að virka, ekki er ráð nema í tíma sé tekið." Hann segir vonir vera um að áframhald náist á samningi við þýskan kaupanda en það muni skýrast í sumar. „Um er að ræða áframhald á verkefni sem við tókum að okkur í vetur og það eru góðar líkur á því að sá samningur haldi áfram og festist í sessi til langs tíma. Ef svo verður gefur það okkur tilefni til að ætla að það muni tryggja okkar rekstrargrundvöll "

Greiðslustöðvunin stendur fram til 11. júní. „Þá verður farið betur yfir málið og ég reikna með að við förum fram á framlengingu sem vari a.m.k. út sumarið." segir Teitur.

– thelma@bb.is

GIGTARFÉLAG ÍSLANDS
www.gigt.is

Stofnfundur deildar á Vestfjörðum

Gigtarfélag Íslands boðar til stofnfundar fyrir deild félagsins á Vestfjörðum.

Fundurinn verður miðvikudaginn 9. júní í fundarsal Fjórðungssjúkrahússins á Ísafirði, kl. 20:00. Fundurinn hefst með fræðsluerindi um gigtarsjúkdóma og lyfjameðferð. Dagskrá fundarins verður sem hér segir:

20:00 Gigt og lyfjameðferð. Elínborg Stefánsdóttir, hjúrkunarfræðingur á gigtardeild Landsspítala flytur erindi og svarar fyrirspurnum.
20:45 Kaffihlé.
21:00 Hlutverk Gigtarfélagsins. Emil Thoroddsen, framkvæmdastjóri GÍ.
21:25 Stofnun deildar á Vestfjörðum.
21:45 Fundi slitið.

Allar frekari upplýsingar er að fá á skrifstofu félagsins í síma 530 3600.

Allir eru velkomnir.

Gigtarfélag Íslands.

Verkefnisstjóri; málefni fatlaðra

Fjórðungssamband Vestfirðinga vill ráða í starf verkefnisstjóra vegna undirbúnings á tilflutningi á málefnum fatlaðra á Vestfjörðum frá ríki til sveitarfélaga. Um er að ræða tímabundið starf sem unnið verður samkvæmt nánari samkomulagi. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar veitir framkvæmdastjóri Aðalsteinn Óskarsson, í síma 450 3001 eða 862 6092 og á heimasíðu sambandsins á vefslóðinni, www.fjordungssamband.is.

Fjórðungssamband Vestfirðinga.

Hannar skart úr leir

Ísfirðingurinn Þórdís Elín Gunnarsdóttir – Dísa Gunnars eins og hún er alltaf kölluð – hefur að undanförnu vakið athygli fyrir leirskart sem hún hannar. Sett hefur verið í loftið síða á samskiptavefnum Facebook þar sem skartið er til sýnis og sölu. Innan nokkurra daga höfðu yfir 500 manns skráð sig á síðuna sem hlotið hefur nafnið DG skart í höfuðið á hönnuðinum.

Bæjarins besta tók tal af Dísu og byrjaði á því að spyrja hversu lengi hún hafi verið að dútla við skart úr leir.

„Það er nú frekar nýtilkomið, ég byrjaði í febrúar eða mars. Ég sá þetta fyrst hjá yngri dóttur minni en hún var að kaupa svona skart að sunnan. Hún keypti það fyrst handa sjálfri sér en svo í jólagjafir og slíkt. Ég sagði því við hana að ég skyldi bara búa til svona fyrir hana. Svo ég prófaði mig áfram með þennan leir. Ég byrjaði á því að búa til tölur en leirinn hentar vel fyrir þær. Síðan byrjaði ég á öðrum munum og fannst rosalega gaman að þessu. Þetta er mikil þolinmæðisvinna. Ég er svo alltaf að reyna finna nýjar hugmyndir."

Dísa hefur m.a. gert hringi, eyrnalokka, nælur og hálsmen.

„Sonur minn kom nú með þá hugmynd að fara gera eitthvað eins fyrir karlmennina, svo sem bindisnælur eða ermahnappa. Það væri nú kannski ekki vitlaus hugmynd að prófa það."

Að Dísu óafvitandi var komið upp síðu á Facebook sem vakið hefur mikla lukku þrátt fyrir stuttan tíma á veraldarvefnum.

„Kristín dóttir mín hringdi í mig eitt kvöldið og sagði að hún væri búin að búa til síðu fyrir mig á Facebook. Ég spurði hana hvað hún væri eiginlega búin að koma mér í, þar sem ég er nú ekki mikið fyrir athygli," segir Dísa hlæjandi. „Svo er bara mjög gaman að þessu og það er gaman að fá klapp á bakið fyrir það sem maður gerir, en það er alveg frábært hversu góð viðbrögð fólks eru við þessu. Ég byrjaði á því að gera skart fyrir dæturnar, tengdadæturnar og ömmustelpurnar, sem eru mjög hrifnar af þessu. Svo hefur þetta bara undið upp á sig."

Vinnur með höndunum þrátt fyrir gigt

Dísa hefur alltaf verið mikið fyrir að skapa með höndunum.

„Fyrir nokkrum árum vorum ég og vinkona mín að vinna með jarðleir en það var orðið of þungt fyrir mig vegna gigtar. Ég greindist með mjög slæma gigt í höndum og hef ekki unnið úti í um 20 ár. Ég er því eiginlega bara mjög hissa á sjálfri mér að geta unnið þetta skart núna. Ég tek þetta í törnum og hvíli mig á milli. Þetta er bara á meðan er og ég hef bara gaman af þessu. Leirinn sem er í boði er mjög misjafn og það er mun skemmtilegra að vinna með leir sem erfiðara er að hnoða því hann verður mun fallegri. En það er einmitt frekar erfitt fyrir mig að hnoða vegna gigtarinnar.

Maðurinn minn vinnur hjá Búnaðarsamtökum Vesturlands með aðstöðu á Ísafirði en höfuðstöðvarnar eru á Hvanneyri. Þegar hann er þar í vinnu búum við í sumarbústað í eina til tvær vikur í senn, oftast yfir veturinn. Það er því mjög gott að hafa eitthvað við að vera og þar get ég föndrað í ró og næði."

Dísa mun selja skart sitt í Breiðavík í sumar.

„Ég verð hjá vinafólki mínu í Breiðavík allan júnímánuð. Þau eru að opna verslun í tengslum við ferðaþjónustuna og þar ætla ég að bjóða upp á skartið mitt."

Vinsælt er að hanna skart og aðra muni úr leir en Dísa er sú eina á Ísafirði sem er í þessari gerð af skarti, svo vitað sé.

„Ég veit ekki til þess að neinn annar sé að gera svona á Ísafirði en ég veit að það er verið að vinna skart úr svona leir annars staðar. En það er þó aldrei alveg eins."

Ólst upp í fjörunni

Dísa segist rekja uppruna sköpunargleðinnar aftur til bernsku.

„Mjög mikið er um föndur í fjölskyldunni minni. Það kemur nú kannski til af því að maður átti svo til að segja engin leikföng og ólst upp í fjörunni. Alltaf þegar ég fer í fjöruferð eða í gönguferð í náttúrunni sé ég eitthvað sem mig langar að föndra með. Það má því segja að ég sé alltaf með hugann við föndrið.

Annars held ég að það sé meira um föndur nú eftir að kreppan skall á. Þó að margt sé neikvætt og erfitt í kreppunni, þá hefur hún líka verið jákvæð. Fólk lítur meira í eiginn barm og endurmetur hlutina. Þá er eins og sköpunargleðin hafi aukist í kreppunni."

Ætlun Dísu var alltaf að fara í nám á þessu sviði.

„Draumurinn var alltaf að fara í hönnun en það varð aldrei og því læri ég bara af sjálfri mér. Annars er nú kannski ekki öll von úti enn, vinkona mín sagði mér að það væri aldrei of seint að fara að læra, hún væri í hönnunarnámi með tveimur sjötugum," segir Dísa með stórt bros á vör.

– thelma@bb.is

Sjávarréttasúpa með nýbökuðum brauðbollum

Sælkerar vikunnar bjóða upp á dýrindis sjávarréttasúpu og brauðbollur. Fríða og Hermann benda á að gott er að hnoða deigið í bollurnar áður en hafist er handa við súpuna. Í eftirrétt bjóða þau svo upp á ljúffengt bláberjapæ sem auðveldlega má breyta í rabarbarapæ.

Sjavarrettarkokteill

Rækjur
Fiskur að eigin vali ef vill til að drýgja súpuna
3 gulrætur
1 laukur
1 rauð paprika
1 chilli pipar
3 hvítlauksgeirar
1 dl ólífuolía
1 dós gróft hakkaðir tómatar
4 dl hvítvín
1 ltr fiski eða kjúklingasoð (vatn og kraftur)
1 tsk paprika
1 tsk karrý
Salt og pipar
Steinselja
Dill

Skerið grænmetið í meðal stóra teninga. Saxið hvítlaukinn og chillipiparinn smátt. Hitið olíuna og léttsteikið grænmetið (ekki brúna). Hellið hvítvíninu út í og látið sjóða. Bætið soðinu og tómötunum út í ásamt kryddinu. Látið malla í smástund.

Ef fiskur er notaður er hann settur út í núna og látinn sjóða í 10 mínútur. Setjið sjávarréttarkokteilinn út í og takið af hita. Látið standa í 4-5 mínútur og bætið þá rækjunum út í og látið standa í 2-3 mínútur í viðbót. Stráið steinseljunni og dillinu yfir og berið fram með nýbökuðum bollum.

Brauðbollur

1 bréf þurrger
3 dl volgt vatn
½ dl ólífuolía
Ca 700 g hveiti og heilhveiti til helminga (eins má nota spelt mjöl)
Salt
Kornblanda að eigin vali.

Setjið þurrgerið út vatnið og látið leysast upp. Setjið olíuna út í. Setjið hveitið, heilhveitið, saltið og kornblönduna út í. Látið hrærivélina hnoða þetta saman (annars í höndum). Breiðið klút yfir og látið hefast í ca hálftíma. Látið vélina þá hnoða deigið niður og setja aðeins meira hveiti út í. Mótið bollur og baka þær í 15-20 mín við 180 gráðu heitan ofn.

Blaberjapæ

250 g aðalbláber
250 g hveiti
250 g sykur
250 g smjörlíki
Hnoðað saman og 2/3 af deiginu sett í botninn á eldföstu móti. Bláberin sett yfir og restin af deiginu mulin yfir. Bakað í 200 gráðu heitum ofni í 35-40 mínútur. Borið fram með vanilluís eða þeyttum rjóma. Eins er mjög gott að setja rabarbara í staðinn fyrir bláberin.

Við skorum á Ingibjörgu Sólveigu Guðmundsdóttur og Gísla Úlfarsson á Ísafirði að koma með uppskrift í næsta blað.

Sælkerinn

Sælkerar vikunnar eru Fríða Rúnarsdóttir og Hermann Hermannsson á Ísafirði.

Einleikur um Kolbrúnarskáldið

Nýjasta afurð Kómedíuleikhússins er einleikur er eftir þá Sigurð Þ. Líndal og Elfar Loga Hannesson. Leikari verksins er Elfar Logi og Sigurður leikstýrir en sá hefur að mestu unnið í leiklistinni í London. Leikurinn er eingöngu sýndur á ensku en stefnt er að því að setja hann upp reglulega í sumar og með leikritinu vill Kómedíuleikhúsið m.a. koma til móts við erlenda ferðamenn.

„Þetta er nýr einleikur sem hugsaður er fyrir ferðamenn," segir Sigurður. „Hann kallast The Poet Comes Home, eða Skáldið snýr heim, og fjallar um Þormóð Bersason Kolbrúnarskáld í Fóstbræðrasögu. Við einbeitum okkur að kvennamálum hans, sem eru rauði þráðurinn í sögunni. Auðvitað getur maður ekki tekið allt því þetta er svo viðamikið efni. Við urðum því að velja úr.

Sýningin er, allavega til að byrja með, sýnd í Arnardal þar sem þau ástamál gerast. Það er mjög skemmtilegt að leikurinn sé sýndur í Arnardal því eftir sýninguna getur fólk komið út, staðið í sporum skáldsins og virt fyrir sér það sem hann sá í eina tíð."

– Verður sýningin eingöngu í Arnardal eða verður farið á flakk með hana?

„Það er alveg möguleiki að hún fari í ferðalag en fyrst um sinn verður hún í Arnardal. Þar verður hún sýnd eftir eftirspurn og svo sjáum við til. Þar sem þetta er ætlað fyrir ferðaþjónustu gerum við ekkert ráð fyrir að hún slái í gegn strax í sumar, líklegra er, ef gott orð hlýst af henni, að hún verði vinsælli næsta sumar og sumurin eftir það."

– Hvernig kom það til að þið ákváðuð að ráðast í þetta verkefni?

„Það kom nú út frá spjalli á Facebook. Svolítið skondið að tveir Facebook-notendur hafi ákveðið að setja upp sýningu um Íslandssöguna, en þannig var það nú.

Þetta var mjög snöggt ferli. Við Logi hittumst í London fyrir jól og byrjuðum þá að leggja drög að handritinu. Síðan höfum við verið að henda þessu yfir hafið á milli okkar. Eftir að ég kom til landsins höfðum við tólf daga til æfinga fyrir frumsýninguna. Á tímabili hélt ég nú að ég myndi ekkert komast hingað vegna gossins í Eyjafjallajökli. Það voru alls konar tafir í gangi og þegar ég lenti á Akureyri var sólarhringur síðan ég hafði lagt af stað frá Bretlandi. Þannig töpuðum við þarna einum degi sem við hefðum getað nýtt til æfinga."

Sigurður fór út í leiklistarnám 1995 en hefur að mestu unnið í Bretlandi síðan

„Ég hef bara nokkrum sinnum komið til Íslands að vinna síðan þá. Ég hef nánast eingöngu verið að vinna úti. Ég rak m.a. lítið leikhús í vesturhluta London við annan mann í næstum fjögur ár. Ég hef kennt í mörgum helstu leiklistarskólum Bretlands í um tíu ár. Að auki hef ég verið starfandi leikstjóri og leikari, en þó minna af því síðarnefnda. Ég hef leikstýrt um 45 sýningum og öllum annað hvort með leikaranemum eða atvinnuleikurum. Það hefur því aldrei æxlast svo að ég ynni með áhugaleikurum þó ég hefði nú ekkert á móti því að gera það líka."

Elfar Logi Hannesson og Sigurður Þ. Líndal á söguslóðum Kolbrúnarskáldsins. Ljósm: Ágúst G. Atlason.

Sigurður var alinn upp á Lækjarbakka rétt á milli Blönduóss og Hvammstanga.

„Eitt af því sem mér sem landsbyggðarmanni fannst svo spennandi við að vinna þetta verkefni er að það er óvenjulegt að manni gefist tækifæri að vinna með atvinnuleikhúsi utan höfuðborgarsvæðisins. Áður en Kómedíuleikhúsið fór af stað efast ég um að nokkrum hefði einu sinni dottið í hug að atvinnuleikhús gæti gengið í þessum landshluta. Það hefur verið mjög skemmtilegt að sjá hvernig þetta fer allt fram og eins gaman að koma aftur vestur. Ég hef ekki komið síðan árið 1997 þegar ég ferðaðist með leiksýningu til allra leikskóla á landinu sem vildu fá okkur."

Þýskt kvikmyndalið var viðstatt frumsýninguna og ætlar að nýta efnið í heimildamynd sem það er að vinna að.

„Þau eru að taka upp efni frá Íslandi og hafa mikinn áhuga á íslenskri sagnahefð og menningararfi. Þau vilja hafa okkur með í þessari heimildamynd, sem er bæði skemmtilegt og góð kynning fyrir okkur. Það er ekki verra að sýningin sé strax komin í sjónvarp áður en hún byrjar."

Sigurður bindur miklar vonir við að sýningin verði kærkomin viðbót við afþreyingarflóruna sem býðst ferðamönnum.

„Það hefur verið lítið til af sýningum fyrir útlendinga. Logi hefur mikið verið spurður hvort hann eigi ekki til efni sem gæti hentað ferðamönnum. Náttúran og landslagið verða alltaf aðalaðdráttarafl ferðamanna sem koma til Íslands en menning laðar einnig að ferðafólk og hefur alltaf gert. Margir ferðamenn ferðast til hinna ýmsu borga í heiminum til að sækja leikhús eða tónleika eða aðra menningarviðburði.

Það eru ekki endilega stærstu borgirnar eins og Edinborgarhátíðin er gott dæmi um. Hún er stærsta leiklistarhátíðin í heiminum en ekki af því að þetta sé stærsta borgin eða með mestu leiklistarsöguna, heldur af því hvað var lagt á sig þegar henni var komið á. Síðan hefur þetta undið upp á sig og nú er það svo að milljónir manna sækja borgina til fara á hátíðina. Það er því ekkert sem segir að það sé ekki hægt að gera stóra hluti fyrir utan Lundúnasvæðið.

Sama er uppi á teningnum hér á Íslandi. Ef menn geta komið á koppinn einhverju sem gerir það þess virði fyrir fjölda manns að koma til að verða vitni að því getur það eflt ferðaþjónustuna til muna. Vonandi virkar það þannig að eftir einhver ár verði eins mikilvægt að koma til Íslands vegna menningarinnar og vegna náttúrunnar."

Gleðilegan sjómannadag

eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872